

Hafnarfjörður 14. febrúar 2021

Kæri nemandi og foreldrar/forráðamenn

Vikan framundan – námsver, vetrarfrí og miðannarmat

Skólastarfið gengur vel þessa dagana og er að mörgu leyti orðið hefðbundið. Við búum þó áfram við ákveðnar fjöldatakmörkanir og grímuskyldu og því er hluti starfsins enn takmarkaður og verður svo að vera enn um sinn. Gaman er að segja frá því að **lifna mun yfir félagslífinu** á næstu vikum því framundan er m.a. rafíþróttamót framhaldsskólanna, söngkeppni, leiksýning og 8-liða úrslit í Morfís svo eitthvað sé nefnt. Ég vil minna á að mötuneytið og bókasafnið eru opin alla virka daga og geta nemendur setið þar og lært í næði eða nýtt hópvinnuherbergið til verkefnavinnu.

Námsverin okkar í stærðfræði og íslensku verða á breyttum tíma, í það minnsta fram yfir miðannarmat. Námsverin verða nú á **mánudögum frá klukkan 13:40 – 14:40, í stofum M308 og M309** og ættu að nýtast vel þeim nemendum sem eru í eyðum á þessum tíma.

Miðannarmatið verður síðan birt í INNU þann 5. mars og í framhaldinu gerum við ráð fyrir að geta boðið upp á miðannarbúðir þar sem nemendur geta sótt sér aðstoð í fjölmörgum greinum. Fram að miðannarmati er afar mikilvægt að huga sjálf(ur) vel að náminu; mæta í kennslustundir og sinna verkefnavinnu vel og í því samhengi er rétt að minna á **vetrarfríð** í þarnæstu viku, eða dagana **22. – 23. febrúar**. Til þess að það nýtist vel til hvíldar og leiks þá er mikilvægt að taka þátt í skólastarfinu og skila öllum verkefnum vikunnar.

Gangi ykkur öllum vel!

Erla S. Ragnarsdóttir

Skólameistari